

## **Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð 7. apríl 2022: Tillaga fulltrúa Flokks fólksins - MSS22040070**

Tillaga um að verkefni eins og Betri Reykjavík og Hverfið mitt bjóði upp á ábendingar/kosningar um viðhald í hverfum. Eins og fulltrúi Flokks fólksins hefur áður bókað er verkefnið Betri Reykjavík og Hverfið mitt góð verkefni. En það er eins með það og annað að margt má betur fara. Tillaga er nú lögð fram að Betri Reykjavík og Hverfið mitt rúmi einnig ábendingar um viðhald á ýmsu í hverfum en ekki aðeins tillögur um nýjungar. Þegar verkefni eins og Betri Reykjavík er svona dýrt eins, þarf að vanda sig. Margir senda inn ábendingar um viðhald en svo virðist sem sumum sé hafnað og bent á annað ferli en einstaka viðhaldsverkefni komast engu að síður í hóp verkefna sem kosið er um.

### **Greinargerð**

Fulltrúa Flokks fólksins finnst verkefnið Hverfið mitt gott mál enda leið til að ljá röddum borgarbúa eyra og virða óskir þeirra eins og unnt er. Fram kemur að kosningabátttaka var síðast þó ekki meiri en 16,4% kosningabærra íbúa. Fulltrúi Flokks fólksins fór á stúfana og ræddi við nokkra borgarbúa um þetta verkefni. Fólk hefur mismunandi reynslu eins og gefur að skilja. Flestum finnst þetta sniðugt verkefni en raddir voru einnig á lofti um að hér væri á ferðinni hálfgerð montverkefni meirihlutans. Tillögur um skemmtileg verkefni eins og ærslabelginn og rennibrautir eru gjarnan samþykktar en tilvik eru um að tillögum um lagfæringar og viðhald sé hafnað og vísað í annan farveg. Dæmi um slíka reynslusögu borgarbúa er að viðkomandi sendi inn tillögu um að laga körfuboltavöll sem ekki hefur verið notaður árum saman vegna þess að hellulögn er ónýtt og hættuleg. Tillögunni var hafnað þátttöku í Hverfið mitt 2020-2021 því hún snerist um viðhalds- eða öryggisverkefni og bent á að annar farvegur væri fyrir slíkt. Viðkomandi sendi því ábendinguna inn á þar til gerðri vefsíðu en hefur ekki fengið nein viðbrögð. Engu að síður á að endurbæta körfuboltavöll við Laugarnesskóla. Hvernig á að skilja þetta?